

ÖLFUS

MÓTTÖKUSVÆÐI Í ÞORLÁKSHÖFN

LÝSING DEILISKIPULAGS



STEINSHOLT
12. apríl 2017

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	1
2	FORSENDUR OG MARKMIÐ	1
2.1	Deiliskipulag	2
3	UMHVERFISÁHRIF	2
4	SAMRÁÐ OG KYNNING	3

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir deiliskipulag fyrir gámavöll í Þorlákshöfn. Gámavöllurinn tekur til lóða nr. 6 og 8 við Vesturbakka og lóða nr. 19 og 19a við Unubakka. Aðalaðkoma að svæðinu verður frá Vesturbakka en einnig verður gert ráð fyrir tengingu frá Unubakka. Aðkoma að lóð fyrir spennistöð RARIK við Unubakka 19a verður áfram frá Svartakeri. Skipulagssvæðið er tæpur hektari að stærð.

Lýsingin er unnin skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gerð og kynning deiliskipulags er unnin skv. 40. - 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2 FORSENDUR OG MARKMIÐ

Gámavellinum er ætlað að anna brýnni þörf á gámvelli fyrir byggina í Þorlákshöfn.


Í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 er umrætt svæði skilgreint sem athafnasvæði A2: Unubakki / Vesturbakki. Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir að á svæðinu verði *“Léttur iðnaður, vörugeymslur, hreinleg verkstæði”*

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að leita leiða til að bæta fyrirkomulag söfnunar og förgunar úrgangsefna og draga úr urðun sorps. Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun sorps og lögð er áhersla á endurvinnslu og endurnýtingu þar sem það er mögulegt. Starfræktar verða móttökustöðvar sorps á vegum sveitarfélagsins.

Starfsemi gámavallar fellur vegna stærðar sinnar ekki undir lið 11.10 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Rekstur á svæðinu verður í samræmi við starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands mun gefa út.

Markmið fyrir gámavöllinn eru eftirfarandi:

- Að tryggja góða þjónustu við íbúa og atvinnufyrirtæki í Þorlákshöfn á sviði flokkunar og förgunar hvers kyns úrgangs.
- Bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til að auka endurvinnslu og draga úr mengun frá úrgangi.
- Lögð verður áhersla á að umgengni og ásýnd svæðisins verði ávallt til fyrirmyndar.




Mynd 1. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, Þorlákshöfn. Rauði hringurinn sýnir það svæði sem líklegt er að deiliskipulagstillagan nái yfir.

2.1 DEILISKIPULAG

Á svæðinu verður komið fyrir 10-15 gámum fyrir flokkun ýmis konar úrgangs sem verður síðan fluttur annað til endurvinnslu og/eða förgunar. Allur úrgangur, sem tekið er á móti á svæðinu, verður settur í gáma og þeir losaðir reglulega. Ekki verður safnað upp úrgangi til að geyma yfir lengri tíma. Móttaka á spilliefnum (rafgeymar, ísskápar, úrgangsolía o.fl.) verður í litlum mæli á svæðinu og aðeins til geymslu í stuttan tíma í senn.

Svæðið verður afgirt og vaktað með eftirlitsmyndavélum. Skoðað verður hvort möguleiki er á að taka á móti einhverjum úrgangi utan opnunartíma.

Líklegt fyrirkomulag innan svæðisins er sýnt á mynd 2 hér að neðan.



Mynd 2. Líklegt fyrirkomulag á gámasvæði við Vesturbakka í Þorlákshöfn.

3 UMHVERFISÁHRIF

Í umhverfisskýrslu eru metin áhrif af þeirri stefnu sem sett er fram í deiliskipulaginu. Er það gert í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Við gerð deiliskipulagsins verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina í töflu hér að neðan og þeir metnir í samræmi við gildandi stefnu ríkis og sveitarfélaga í samræmi við g. 5.4.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR
Náttúrufar	Mun skipulagið hafa áhrif á náttúrufar svæðisins?
Samfélag	Mun skipulagið efla atvinnulíf, bæta lífsgæði og efla þjónustu við íbúa og ferðamenn?
Heilsa og öryggi	Er hættu á mengun vegna stefnu skipulagsins?
Náttáru- og menningarminjar	Mun skipulagið hafa áhrif á verndarsvæði s.s. hverfisvernd og/eða menningarminjar með hátt verndargildi?

Við umhverfismatið verða líkleg áhrif og umfang þeirra borin saman við reglugerðir og stefnu-skjöl stjórnvalda og lagt mat á vægi áhrifa í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar.

4 SAMRÁÐ OG KYNNING

Lýsing nýs deiliskipulags verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins í maí. Lýsingin verður send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hún verður auk þess send til lögbundinna umsagnaraðila samhliða kynningu.

Áætlað er að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í júlí/ágúst 2017. Á auglýsingatíma munu skipulagsgögn liggja frammi hjá skipulagsfulltrúa og verða kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tímasett áætlun er skv. eftirfarandi töflu:

VERKÞÆTTIR	2017						
	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt
1. Þarfagreining / vettvangsskoðun og undirbúningsfundir							
2. Skipulagslýsing, kynning og umsagnarferli		0					
3. Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla							
4. Samþykkt í sveitarstjórn							
5. Auglýsing tillögu; frágangur skipulagsgagna fyrir auglýsingu				0			
6. Athugasemdir / afgreiðsla sveitarstjórnar							
7. Afgreiðsla Skipulagsstofnunar / staðfesting skipulags í B deild Stjórnartíðinda							

0 Kynningarferli

Tekið saman á Hellu, 12. apríl 2017,
Gísli Gíslason, landslagsarkitekt FÍLA